

Kirkjuþing 2020-2021.

33. mál - þskj. 33.

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um skipun starfshóps til mótunar stefnu varðandi nánari útfærslu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af fjárhagsnefnd.

Frsm. Gísli Gunnarsson.

Kirkjuþing 2020 samþykkir að skipa starfshóp þriggja fulltrúa til að fara yfir stöðu fasteigna þjóðkirkjunnar og gera tillögur um nánari útfærslu fasteignastefnu hennar og þá sérstaklega hvað varðar 1. og 2. grein.

Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til kirkjuþings 2021.

#### Greinargerð.

Nefndin telur mjög brýnt að unnið verði að því hið fyrsta að móta markvissa stefnu um það hvernig markmiðum 1. og 2. greinar fasteignastefnu þjóðkirkjunnar verði sem best náð.

Í 1. gr. fasteignastefnunnar segir: „Til að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið skulu lagðar til fasteignir þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir og stefna þessi mælir nánar fyrir um.“

Í ljósi þessarar greinar þarf að móta stefnu um það í hvaða prestaköllum sé nauðsynlegt, þjónustunnar vegna, að þar séu prestssetur og/eða prestssetursjarðir. Við þá stefnumótun skal það m.a. haft í huga, að jafnræðis sé gætt innan prestakalla þar sem fleiri en einn prestur þjóna.

Í 2. gr. fasteignastefnunnar segir: „Þjóðkirkjan varðveitir auk þess tilteknar fasteignir þyki sérstök söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök hníga til þess. Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir, aðrar en kirkjur, skuli varðveittar hverju sinni, á þeim grundvelli. Ráðstöfun þeirra fasteigna kirkjunnar sem falla undir 2. gr. fer eftir stefnu þessari og gildandi réttarheimildum á hverjum tíma.“

Í ljósi þessarar greinar er mjög brýnt að mótuð sé stefna um það hvaða fasteignir skulu vera áfram í eigu kirkjunnar, jafnvel þótt þær séu ekki nýttar í þágu prestþjónustunnar, og hvaða eignir megi hugsanlega selja. Jafnframt er þá einnig mjög mikilvægt að markvisst sé unnið að því að þær eignir sem ekki eru seldar skili viðunandi arði.